

# ÍBÚÐALÁNAVERND LANDSBANKANS

## Skilmáli nr. B2

---

[1.kafli: Bótasvið, bls. 1.](#)

[2.kafli: Almenn ákvæði, bls.1.](#)

**Félagið:** Merkir Sjóvá Almennar líftryggingar hf. **Vátryggingartaki:** Sá sem gert hefur samning við félagið. **Vátryggður:** Sá sem tryggður er. **Iðrunarréttur:** Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður. **Maki:** Í skilmálum þessum er með orðinu maki átt við þann aðila sem vátryggður er með í hjúskap eða staðfestri samvist. Þetta orð tekur ekki til sambúðarmaka. **Rétthafi:** Hver sá sem á kröfu um greiðslu bóta skv. 2. gr. skilmálans.

---

### 1. KAFLI BÓTASVIÐ

#### 1.gr. Bótasvið, greiðslur bóta og greiðsla kostnaðar

##### Bótasvið

Félagið greiðir rétthafa bætur ef vátryggður deyr á gildistíma vátryggingarinnar.

##### Greiðslur bóta

Tilkynna skal félaginu um andlát vátryggðs án ástæðulausrar tafar. Vátryggingarfjárhæðin fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því, þar á meðal dánarvottorð frá lækni. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

##### Greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir kostnað við öflun læknisvottorða, sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu málsins og aflað er að beiðni þess. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

#### 2.gr. Rétthafi bóta

Landsbankinn hf., kt. 471008-0280, er rétthafi bóta í líftryggingu þessari og rennur vátryggingarfjárhæðin þá til bankans sem ráðstafar henni til innborgunar eða uppgreiðslu á íbúðaláni/íbúðalánum sem vátryggingataki hefur tekið hjá bankanum. Ef vátryggingarfjárhæðin er hærri en eftirstöðvar lánsins fer um greiðslu þess sem umfram er samkvæmt reglum 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur sá hluti vátryggingarfjárhæðarinnar þá til maka vátryggðs. Láti vátryggður ekki eftir sig maka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá. Óski vátryggingartaki eftir því að vátryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra rétthafa á eftir Landsbankanum, er nauðsynlegt að semja um slíkt við félagið. Upplýsingar um tilnefningu rétthafa eru skráðar í vátryggingarskírteinið.

#### 3.gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Svipti vátryggður sig lífi innan eins árs frá því að vátryggingin síðast öðlaðist gildi er félagið laust úr ábyrgð.

### 2.KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

#### 4.gr. Grundvöllur samnings

Til grundvallar vátryggingarsamningi þessum eru upplýsingar á vátryggingarbeiðni, bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

#### 5.gr. Gildistími - Iðgjaldið - Gjaldtagi - Vanskil - Uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu

##### Gildistími

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur mótttekið fullbúna, skriflega vátryggingarbeiðni samkvæmt 74. gr. laga um vátryggingasamninga, enda verði henni ekki hafnað af áhættumati félagsins. Við samþykkt vátryggingarbeiðnar öðlast vátryggingin gildi frá móttöku beiðnarinnar, nema vátryggingartaki hafi skriflega óskað eftir öðrum gildistökutíma og hefst þá ábyrgð félagsins frá því tímamarki.

Gildistími vátryggingarinnar er skráður á skírteinið. Vátryggingin gildir frá útgáfudegi og til þess tíma sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini.

---

### **Iðgjaldið**

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem vátryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til vátryggingartakans. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send vátryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

### **Vanskil**

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti greiðsluseðils lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga og gert grein fyrir réttaráhrifum þess að ef ekki sé greitt innan 14 daga geti vátryggingin fallið niður.

### **Réttur til að endurvekja líftryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga**

Hafi vátryggingin verið í gildi í eitt ár hið skemmsta og ábyrgð félagsins fallið niður vegna vanskila, er heimilt samkvæmt 97. gr. laga nr. 30/2004 að óska þess að endurvekja vátrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til. Skilyrði fyrir því að vátrygging sé endurvakin eru að sérstök beiðni um slíkt komi fram og að vangoldið iðgjald sé greitt, innan þriggja mánaða frá því að 14 daga greiðslufrestur samkvæmt ítrekun rann út. Ef vátrygging er endurvakin hefst ábyrgð félagsins daginn eftir að áðurnefnd skilyrði eru uppfyllt.

### **Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu**

Ef vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar vátryggingaratburður hefur orðið á vátryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánuðina frá útgáfu vátryggingarinnar.

### **6.gr. Verðbætur og vextir**

Innan hvers vátryggingarárs hækkar vátryggingarfjárhæðin mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Lækki vísitalan þá hefur það ekki áhrif til lækkunar á vátryggingarfjárhæðinni. Ef iðgjald greiðist oft en einu sinni á ári, hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og vátryggingarfjárhæðin.

Bótafjárhæðin miðast við vátryggingarfjárhæðina sem í gildi var þegar vátryggingaratburður varð skv. 1. gr. skilmálanna með þeirri mánaðarlegu breytingu sem verða kann á vátryggingarfjárhæðinni miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá vátryggingaratburði til greiðsludags. Um vexti af bótafjárhæðinni fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

### **7.gr. Iðgjaldabreytingar og breytingar á grundvelli vátryggingarinnar**

Iðgjald vátryggingarinnar er háð aldri vátryggðs, því hvort hann reykir eða ekki og breytist árlega við endurnýjun í samræmi við vátryggingarfjárhæðina.

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur vátryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í tæknilegum grundvelli vátryggingarinnar.

### **8.gr. Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum**

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Vátryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004 og skal það gert skriflega.

### 9.gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

#### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

#### Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

### 10.gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 11.gr. Endurkaup

Váttrygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti.

### 12.gr. Ákvæði í váttryggingarskírteini

Ákvæði í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### 13.gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar. Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

### 14.gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 15.08. 2017